



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 9. október 2007

3. stjórnarfundur BLÍ, miðvikudaginn 26. september kl. 17.15

Dagskrá

- Mótamál (öll mót)
- Landsliðsmál - Stefán
- Fjármál
- Önnur mál
 - Evrópuþing – Jason
 - NEVZA þing – Jason
 - SCD þing
 - Sjónvarpsmál

Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir, Ástríður Valbjörnsdóttir. Harald Ísaksen og Hreggviður Norðdahl boðuðu forföll. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttur var í síma. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Fundargerð

Mótamál:

Deildakeppni – 5 lið hafa skráð sig í 1. deild karla og 3 í 1. deild kvenna. Haldið var fund með formanni HK um að félagið sendi inn tvö lið, þá annað undir nafni Ýmis. Haldið verður áfram að finna lausn á þessu máli.

Bikarkeppni: 9 lið hafa skráð til leiks í karlaflokki og 5 lið í kvennaflokki. Von er á fleiri liðum bæði í karla og kvenna en skráningarfresturinn var framlengdur til 28. sept.

Haustmót BLÍ: Verður um helgina og virðist þátttaka vera góð, m.v. blak.is

Yngriflokkamót: mótin verða tvö fyrir 3.-5. flokk. Fyrra mótið verður í Neskaupstað 9.-10. nóvember og síðara mótið verður í Mosfellsbæ 18.-20. apríl.



BLAKSAM BAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Landsliðsmál

Landsliðsnefnd fundaði fyrir stuttu og var ákveðið að fá að sækja um að senda kvennaliðið í Evrópukeppnina og Smáþjóðakeppnina. Karlaliðið færir aðeins í Smáþjóðakeppnina. Stjórn samþykkti þessar umsóknir.

Rætt var um að senda jafnvel unglingsaliðin í Evrópukeppni Smáþjóða en beðið var eftir álit frá unglingslandsliðsnefnd.

Þjálfaramál: Landsliðin eru öll þjálfaralaus og var landsliðsnefnd falið að sjá um það

Fjármál

Ekkert var um þennan lið að segja

Önnur mál

Erlend samskipti:

- ✓ Jason nýkominn af Evrópuþingi í Moskvu sem var venjulegt afgreiðsluþing.
- ✓ Jason fór einnig á NEVZA þing í Moskvu sem í raun var stutt. Þó var kosið til formanns og framkvæmdastjóra NEVZA en nágrannar okkar í Færeyjum fengu það. Fram kom á þinginu að vinna NEVZA færri aðallega fram á fundum framkvæmdastjóra sambandanna á Norðurlöndum. Næsti fundur þeirra verður 12.-13. desember í Svíþjóð og mun Sævar fara á hann og leggja inn umsókn vegna umsjón á U19 mótsins á næsta ári.
- ✓ Smáþjóðafundur (SCD) verður haldinn 29. september og munu Jason og Sævar sækja hann.

Sjónvarpsmál

- ✓ Blikur á lofti um að lítið verði sýnt af innlendum jaðariþróttum. Sér sambönd þurfa virkilega að hafa fyrir því ef eitthvað á að vera sýnt.

Krakkablaksamningur

- ✓ Nýr krakkablaksamningur við danska blaksambandið er í býgerð. Sævar talar við Sigurð Arnar um síðasta samning og klárar þennan með dönum.
- ✓ Rætt var um að BLÍ ætti að halda almennt þjálfaranámskeið eða ráðstefnu.

Næsti fundur var ákveðinn um miðjan október eða lok október.

Fundi slitið kl. 18.34

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari